Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir

# Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags



**Reykjavík 2019**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 201

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir




**Reykjavík 2019**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 201

Rannsóknin var unnin að beiðni skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd eignasjóðs Reykjavíkurborgar.
Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lísa Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:
Gamla bæjarstæði Jörfa, ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 201
Reykjavík 2019
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Efnisyfirlit


1 Inngangur ..... 5

2 Skráningarsvæðið ..... 6

2.1 Saga Jörfa ..... 8

3 Skráning menningarminja ..... 14

3.1 Almennt um verndun fornleifa, löggjöf og tilgang skráningar ..... 14

3.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja ..... 16

3.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur ..... 16

3.2.2 Fornleifaskráning – aðferðafræði ..... 16

4 Fornleifaskrá ..... 18

Jörfi 293-1 Bæjarhóll Jörfa ..... 19

Jörfi 293-3 Heystæði ..... 22

Jörfi 293-4 Fjárhús ..... 23

Jörfi 293-5 Fjárhús ..... 24

Jörfi 293-6 Kálgarðar ..... 25

Jörfi 293-7 Naust ..... 26

Jörfi 293-8 Brunnhús/Vatnsmylla? ..... 27

Jörfi 293-9 Traðir ..... 28

Jörfi 293-10 Holt ..... 29

Jörfi 293-11 Útihús ..... 30

Jörfi 293-18 Vegur ..... 31

Jörfi 293-19 Þúst ..... 32

Jörfi 293-20 Tóft, garðlag ..... 33

Jörfi 293-22 Tún ..... 34

Jörfi 293-23 Túngarður ..... 35

Niðurstöður ..... 36

4.1 Jörfi (293) Minjastaðir á skráningarsvæðinu ..... 38

Heimildaskrá ..... 39

# Formáli

Hér á eftir fer rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á hluta af Grundarhverfi á Kjalarnesi vegna deiliskipulags. Rannsóknin var unnin að beiðni skrifstofu borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „**ætíð fara fram á vettvangi**“ áður en deiliskipulag er afgreitt.[1] Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag gerir Minjastofnun Íslands auknar kröfur „**um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum**.“[2]

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.[3] Jafnframt er kveðið á um eftirfarandi: *„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“*[4]

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil skráð fornleifar, en um fornleifaskráningu segir svo á vef Minjastofnunar Íslands: ... *„Forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifanna*“.[5]

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum, ástandi og gerð minja, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati og er grundvöllur að minjavernd.

Desember 2019<br>María Karen Sigurðardóttir<br>Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna<br>Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
[2] *Skráningarstaðlar fornleifa*, bls. 2.
[3] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 1. kafli, 3. gr. og 7. kafli, 29. gr.
[4] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 7. kafli, 30. gr.
[5] Vefur Minjastofnunar Íslands. *Skráning fornleifa*.

# 1 Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum á skráningarsvæði sem nær yfir hluta af Grundarhverfi á Kjalarnesi. Minjar á svæðinu eru skráðar undir jörðinni Jörfa á Kjalarnesi eins og jarðamörk hennar voru þegar Jarðabók Johnsen var tekin saman 1847.[6]



*Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðis merkt með stjörnu á Íslandskort.*




*Mynd 2. Staðsetning og afmörkun skráningarsvæðisins sem nær yfir hluta af Grundarhverfi á Kjalarnesi.*[7]

Fornleifaskráningin var unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði í lögum um menningarminjar nr. 80/2012.[8] Skráningin byggir að hluta til á eldri skráningum sem farið var yfir áður en farið var á vettvang, ásamt öðrum heimildum sem varða svæðið. Gunnar Bollason sagnfræðingur skráði fornleifar eftir heimildum í gagnagrunninn Sarp árið 1999. Deiliskipulag Grundarhverfis frá árinu 1998 gerði ráð fyrir byggð á bæjarhól Jörfa.[9] Árið 2003 var gert átak í skráningu fornleifa á Kjalarnesi. Kom þá í ljós að búið var að leggja göturnar Jörfagrund og Helgugrund inn á tún Jörfa. Framkvæmdir voru þá stöðvaðar og í kjölfarið var staðurinn skráður af Sólborgu Unu Pálsdóttur og Önnu Lísu Guðmundsdóttur.[10] Niðurstaða skráningarinnar var að ekki má hreyfa við gamlabæjarstæði Jörfa nema að undangenginni fullkominni fornleifarannsókn og gera þarf rannsóknarskurði á öðrum minjastöðum.[11] Þá var bent á að þar sem staðsetning sumra fornleifanna byggir eingöngu á rituðum heimildum mætti gera frekari rannsóknir á vettvangi með jarðsjármælingum og rannsóknarskurðum til þess að staðsetja fornleifar og fá úr því skorið hvort þær séu til staðar eða ekki.[12] Skráningin hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til núgildandi menningarlaga nr. 80/2012 og samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá árinu 2013.

*Niðurstaða þessarar fornleifaskráningar er á sömu leið og þeirrar sem gerð var árið 2003; að ekki eigi að byggja á bæjarstæði eða túni Jörfa, nema að undangenginni ítarlegri rannsókn fornleifa.*

Vettvangsrannsókn fór fram í nóvember 2018 og fólst í því að gengið var skipulega um úttektarsvæðið og leitað markvisst að minjum. Þegar þær fundust voru þær skráðar og

---

[6] *Jarðatal á Íslandi*, 1847.
[7] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[8] *Skráningarstaðlar fornleifa*. Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
[9] Grundarhverfi, deiliskipulag. Samþykkt 26. febrúar 1998.
[10] Sólborg Una Pálsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*, 2003.
[11] Sólborg Una Pálsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*, bls. 17.
[12] Sólborg Una Pálsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*, bls. 18.

mældar upp með Trimble-staðsetningartæki sem Minjastofnun lánaði til verksins og kunnum við stofnuninni bestu þakkir fyrir. Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir gerður vettvangsrannsókn og úrvinnslu gagna. Ljósmyndir og kort eru eftir þær nema annars sé getið. Kortin voru unnin á gagnagrunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Aftur var rætt við Eggert Ólafsson sem hefur verið búsettur á Jörfa frá 1966 og kunnum við honum bestu þakkir fyrir góðar móttökur.

Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1992**.

## 2 Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið afmarkast af Brautarholtsvegi að norðan, að austan af götunni Grundarhverfisvegi að hringtorgi, þá Esjugrund að Búagrund 1 og þaðan niður að sjó sem eru suðurmörk og að vestan með Jörfalæk. Landsvæðið hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Þar var áður hefðbundinn sjálfsþurftarbúskapur en er nú þéttbýlt íbúðasvæði, Grundarhverfi, en uppbygging þess hófst árið 1975.[13] Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að Grundarhverfi stækki og er talið vænlegast að það þróist til vesturs með ströndinni, en einnig er gert ráð fyrir þróun til norðurs.[14]




*Mynd 3. Skráningarsvæðið, afmarkað með gulri brotalínu, og örnefni á svæðinu.*[15]

[13] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 260.
[14] *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, B-hluti.* „Kjalarnes – Borgarhluti 10," bls. 306.
[15] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): Lágflugsloftmynd 17/7 2018.

Landsvæðið sem skráningarsvæðið nær yfir tilheyrði áður jörðinni Jörfa sem nú er aðeins lóð á norðurjaðri Grundarhverfis, Brautarholtsvegur 15. Þar stendur nú tveggja hæða íbúðarhús sem byggt var 1942. Fyrst var steypt ein hæð en síðar var önnur hlaðin með steypusteini ofan á. Árið 1958 var byggt stigahús utan á húsið. Suðaustan við húsið eru yngri viðbyggingar. Árið 1947 var steypt útihús norðan við húsið, en þar er nú iðnaðarhúsnæði.[16] Um 30 m norðan við, vestan við heimreiðina, er gámur sem jarðvegi hefur verið mokað yfir. Austan við Jörfa er nýleg mön sem liggur norður–suður, frá Brautarholtsvegi til suðurs að Jörfagrund.[17]

Íbúðarsvæðið nær yfir stærstan hluta skráningarsvæðisins, nema þar sem aðalminja-svæðið er með vesturmörkunum austan við Jörfalæk, þar sem gamla bæjarstæðið á Jörfa er. Farvegur lækjarins hefur tekið breytingum í gengum tíðina og hefur neðri hluti hans verið leiddur í skurð eftir 1945.[18]

Víkin fyrir neðan gamla bæjarstæðið og Grundarhverfið er nefnd *Jörfavík* í örnefna-lýsingu og þar segir að *Hofstangi* skilji hana og *Hofsvík* að og að þar hafi verið mikið af mó.[19] Í fjöruborðinu á mörkum skráningarsvæðisins eru stórir, steyptir flekar sem eru leifar af hafnarframkvæmdum sem gerðar voru um 2000. Mikið rof hefur verið við sjávarkambinn á síðastliðnum 50 árum, allt að 10–15 m að sögn Eggerts Ólafssonar á Jörfa.[20]



*Mynd 4. Sjávarkamburinn við Jörfavík, horft í austur að Klébergi. Í fjöruborðinu fyrir miðri mynd má sjá steypta fleka eftir hafnarframkvæmdir um 2000.*

[16] Eggert Ólafsson, samtal 23. nóvember 2018.
[17] Eggert Ólafsson, samtal 23. nóvember 2018.
[18] Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.
[19] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Hof. Númer 125689-1.
[20] Eggert Ólafsson, samtal 23. nóvember 2018.

## 2.1 Saga Jörfa

Jörfi á Kjalarnesi var jörð sem taldist áður til Hofshverfis en er nú aðeins afmörkuð lóð norðvestan við Grundarhverfi, Brautarholtsvegur 15. Núverandi íbúðarhús stendur á *Jörfaholti* og var reist 1942 af Hjálmari Þorsteinssyni sem bjó áður á Hofi, en gamla bæjar-stæðið er um 150 m suður af Hofi. Nafnið Jörfi þýðir sandur eða melur (slétt melholt AM).[21]



*Mynd 5. Jörfi, íbúðarhús reist 1942.*

Jörðin var byggð út úr landnámsjörðinni Hofi þar sem talið er að Helgi bjóla Ketilsson hafi búið, en hann á að hafa numið Kjalarnes allt milli Mógilsár og Mýdalsár [Kiðafellsár] að ráði Ingólfs Arnarsonar.[22]

Jörfa var fyrst getið í fógetareikningum **1552** varðandi leigukúgildi.[23] Á 17. öld bjó Daði Jónsson (1630–1682) sýslumaður Kjósarsýslu á Jörfa, en hann var eigandi og umboðsmaður konungs á nokkrum jörðum í Kjósarsýslu.[24] Það má því ætla að jörðin hafi verið ágætis jörð þrátt fyrir lágt jarðamat.

Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð **1704** var Jörfi annað af tveimur afbýlum frá Hofi og partur af jörðinni. Jörfi var metinn á átta hundruð með einum ábúanda. Landsskuld var níu álnir og átti að greiðast í reiðufé í spesíum uppá landsvísu og afhenda landsdrottni á alþingi. Viðhalds húsa átti ábúandi að leggja til. Leigukúgildi voru tvö og átti leigan að greiðast í smjöri annað hvort að Suður Reykjum í Mosfellssveit eða suður á Seltjarnarnesi, hvort sem landsdrottinn vildi, en hann átti að yngja upp kúgildin. Kvaðir voru engar. Þá var hægt að fóðra þrjár kýr og átta lömb á jörðinni en kvikfénaður var fjórar kýr, ein kvíga með fyrsta kálfi, eitt naut, einn kálfur, átta kindur með lömbum, tuttugu og tveir sauðir og tveir hestar.[25]

Dýrleiki Jörfa var metinn með Hofi þegar Jarðatal Johnsen var tekið saman **1847**. Neðanmáls kemur fram að sýslumaður taldi dýrleika Jörfa 7 hundruð.[26]

---

[21] Finnur Jónsson: „Bæjanöfn á Íslandi“, bls. 490.
[22] *Íslenzk fornrit,* I. bindi: „Landnámabók“ bls. 50.
[23] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 396.
[24] *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940*, I. bindi, bls. 302. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, III. bindi, bls. 339, 340, 354, 416, 436.
[25] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, III. bindi, bls. 357.
[26] *Jarðatal á Íslandi,* bls. 98.

Jörfi var bændaeign metin á 250 ríkisdali árið **1849**. Þá var túnið lítið og þýft, engjar litlar og landþröngt, hagabeit léttvæg sumar og vetur og útræði vor, sumar og haust.[27] Í Jarðabók **1861** var mat hennar 7 forn hundruð en 8,7 ný hundruð.[28]

Þegar túnakort var gert af Jörfa árið **1916** voru bæjarhúsin í miðju túni austan Jörfalækjar. Húsin sem teiknuð eru á kortið eru númeruð og greint er frá hlutverki þeirra:1. Baðstofa, 2. Eldhús (og búr?) 3. Dyrahús, 4. Hlaða, 5. Skemma, 6. Fjós með fordyri (óvenju þröngt og lélegt), 7. Heystæði, 8. Heytótt, 9. Fjárhús og þess getið að húsaskipan bæjarins sé óvanaleg.[29] Í athugasemd kemur fram að „Grafarkot hefur í fyrndinni verið reist í Jörfa túni að vestanverðu við lækinn. Sést þar móta fyrir bæjarleifum, heygarði ofan við, og - að líkindum - kálgarði ekki svo mjög litlum, neðan við.“[30] Tveir túnskikar voru vestan Jörfalækjar og gætu þeir hafa tilheyrt Grófartúni/Grafarkoti þegar það var í ábúð.




*Mynd 6. Túnakort Jörfa frá árinu 1916 sem Vigfús Guðmundsson, Keldum, teiknaði. Á því má sjá húsaskipan á bæjarstæðinu og hvar hús voru í heimatúninu á þeim tíma. Samkvæmt kortinu voru tveir túnskikar vestan við Jörfalæk og tvö útihús norðan við bæinn.*[31]

[27] Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Jarðamat 1849-50. Gullbringu og Kjósarsýslur, bls. (18) 0006v. 27. Jörfi og (70) 0035v.

[28] *Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn, 1861.

[29] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.

[30] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.

[31] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.




*Mynd 7. Túnakort Jörfa frá 1916 lagt yfir loftmynd frá árinu 2018 ásamt hnitsettum minjum.*[32]

[32] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.




*Mynd 8. Hluti af herforingjaráðskorti frá árinu 1909, tún Jörfa eru merkt inn beggja vegna Jörfalækjar, vegur að Brautarholti liggur frá gamla Kjalarnesvegi við Esjurætur norðan við Jörfa, niður á milli Lykkju og Hofs, síðan vestur að Brautarholti og suður að Presthúsum.*[33]

Í fasteignabók **1918** kemur fram að áhöfn sé engin en húsmaður Ólafur Finnsson og Hofsbóndi noti jörðina að mestu. Túnið var að mestu sléttað, mótak nægt og nærri og vatnsbólið var lækur hjá bænum. Jörðin var „...orðin eign Hofsbónda, en Pípuverksmiðjan í Reykjavík hefur aftur fengið rönd með sjónum (sandana) frá Hofi og engi þess austur í Eystri–Vallá, þó telst Jörfi hér eins og áður var.“ Húsakostur var þá: „Baðstofa (með 3 litlum hliðargluggum), dyr, stofuhús, eldhús, skemmukofi, fjós lélegt, hestakofi, hlaða f. 150-180 (gölluð, en þó skásta húsið), allt saman kr. 400. kr. 2 lélegir kindakofar f. um 60, (notaðir nú frá Hofi) 50.- kr. Húsakosturinn samt. kr. 450.-“ Heildarmat jarðarinnar var 4.280.- kr. Árið **1930** hefur verið skrifað fyrir neðan: „Mestur hlutinn fallinn til Hofs, nokkuð til Sandalands, Vallár og blettur til Bergvíkur.“[34] Gera má ráð fyrir að húsakostur sem þarna er lýst hafi verið sambærilegur og sýndur er á túnakortinu frá 1916 og rutt var út vegna túnasléttunar.

Samkvæmt manntölum frá 1703 til 1920 var nokkuð samfelld búseta á Jörfa nema árið 1855, en þá var enginn heimilismaður skráður þar. Yfirleitt bjó þar ein fjölskylda, fimm til tíu manns.[35]

Jörfi fór í eyði árið **1928** og þá var land þess lagt undir Hof. Gamli bæjarhóllinn er um 150 m suður af núverandi íbúðarhúsi á Jörfa, um 30 m austan við Jörfalæk, á milli vesturendanna á götunum Jörfagrund og Helgugrund. Við vettvangskönnun árið 2002 var hægt að staðsetja gamla bæjarstæði Jörfa á svæði sem bar ýmis umhverfismerki sem einkenna gömul bæjarstæði, en vegna túnasléttunar voru minjar ekki lengur sjáanlegar.[36] Ummál bæjarhólsins var mælt upp í nóvember 2018 og er hann um 40 x 50 m. Ástandið var svipað og 2002, bæjarhóllinn enn vel greinilegur sem hæð í landslagi, þrátt fyrir sléttun, grasi– og njólavaxinn og búast má við minjum undir sverði.

Samkvæmt lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Jörfa á Kjalarnesi frá árinu 1889 átti Jörfi land vestan við Jörfalæk. Merkin voru í sjónhendingu frá gömlu garðlagi á milli Hofs og Jörfa upp að túngarðsenda ofan til við Hofstún, þaðan í sjónhendingu í hesthús frá Jörfa sem stóð efst í svokölluðu *Grófarkotstúni*, úr hesthúsinu sjónhending í Jörfalæk sem síðan réð upp í svonefnda Skurði, svo skurðurinn austur í Kleifbergslæk (Klébergslæk) sem réð merkjum til

[33] Dönsku herforingjaráðskortin: *„27 Reykjavík NA“*, 1909.
[34] Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Fasteignamat 1916-1918- Undirmat; Kjósarsýsla. bls. 61. (65) 0031r.
[35] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Leitarorð: Jörfi.
[36] Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*, bls. 11.

sjávar.[37] Þessi merki hafa væntanlega líka átt við þegar túnakort Jörfa var gert 1916. Vesturmörkin virðast síðan hafa tekið breytingum, því samkvæmt landamerkjabréfi fyrir jörðina Hof árið 1922, sem átti mörk á móti Jörfa að austan, réð Jörfalækur merkjum upp í efsta jarðfall skammt fyrir ofan *Jörfaholt* vestan til, þaðan réði skurður sem lá í austur að *Aurbrú* og þá áframhaldandi beint í torfvörðu við Klifbergslæk sem réð síðan niður að sjó.[38] Nú eru austurmörk Hofs girðing austan við Jörfalæk.[39]

**Grófartún** var sögð gömul hjáleiga frá Hofi þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704. Ábúandi var enginn en grasnytjar það árið höfðu ábúendur á Jörfa og Hofi og skiptu með sér landsskuldinni. Þá var hægt að fóðra þrjár kýr og fimm lömb á kotinu og fram kemur að á einhverjum tíma hafi verið tveir ábúendur, en sjaldan. Á túnakorti Jörfa 1916 segir að **Grafarkot** hafi í fyrndinni verið reist í túni Jörfa, vestan við lækinn og sást móta fyrir bæjarleifum, heygarði ofan við bæinn og kálgarði neðan við. Þá voru teiknaðir tveir túnskikar vestan við lækinn og á þeim syðri eru enn stæðilegar tóftir, **Gróutættur**, þar sem Grófartún (Grafarkot) hefur sennilega verið, svo hugsanlega hafa skikarnir tveir tilheyrt því koti þegar það var byggt.[40] Í örnefnalýsingu Hofs 1967 er talað um að Gróutættur séu í miðju Hofstúni.[41] Kotið hefur þannig verið nefnt nokkrum nöfnum, fyrst nefnt Grófartún í Jarðabókinni 1704, Grófarkot í landamerkjabréfi 1889, Grafarkot á túnakorti 1916 og síðast Gróutættur í örnefnalýsingu 1967.



*Mynd 9. Grófartún, Grófarkot, Grafarkot, Gróutættur (293-13). Horft í vestur yfir Jörfalæk á tóftir hjáleigunnar að Hofi.*

---

[37] Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn. *Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. 1887*. Landamerkjabréf nr. 80, bls. 108-9.
[38] *Úrskurður óbyggðanefndar, mál nr. 3-4/2004. Kjalarnes og Kjós*, bls. 105.
[39] Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Hof á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar*, bls. 68.
[40] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.
[41] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Hof. Númer 125689-1.

Í fornleifaskrá Jörfa eru skráðar fjórar minjar sem gætu hafa tilheyrt Grafarkoti á túnskikunum vestan við Jörfalæk. Á syðri skikanum fyrrnefndar tóftir (293-13) og kálgarður (293-14), á nyrðri skikanum tóft (293-15) og þúst (293-16). Á öðrum hvorum skikanum hefur staðið hesthús það sem nefnt er í landamerkjalýsingu 1889, sennilega þeim nyrðri. Gróutættur eru nokkuð stæðilegar, en húsin gætu hafa verið notuð sem útihús eftir að búsetu lauk, sem ekki er vitað hvenær var, en Grófartún eða Grafarkot finnst ekki í manntölum frá 1703 til 1920.[42] Kannski hefur ekki verið búið þar eftir 1700.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir gerði nýlega fornleifaskráningu á Hofi og skráði þá Grófartún og mældi upp. Þar kemur fram að fornleifafræðingarnir Mjöll Snæsdóttir og Elsa Nordahl ásamt fleirum fóru að Hofi einhvern tíman á árunum 1973-1975 og tóku prufuskurð í tóft þar sem *landnámsgjóska* sást í torfi. Mjöll taldi að það hafi hugsanlega verið í Gróutóftir (Grófartún), en þar er hola í einu hólfi tóftanna, um 1,5 m í þvermál og 0,4 m á dýpt.[43] *Þar gæti því hafa verið búið að reisa mannvirki á 10. öld.*

**Grund** (293-12) var smábýli byggt úr landi Jörfa 1920 og var í byggð til 1951. Bærinn stóð á austurenda Jörfaholts (Grundarholts),[44] rétt norðan við þar sem nú eru húsin Esjugrund 16A og 18. Grundarhverfi dregur nafn sitt af býlinu en engin ummerki fundust eftir það í vettvangsferð 2002.[45]



*Grundarbærinn var byggður árið 1919 og þar var búið til 1950.*

*Mynd 10. Grundarbærinn, ljósmynd fengin úr bókinni Kjalnesingar.*[46]

**Holt** (293-10) var byggt í landi Jörfa árið 1945 og búið var í húsinu til 1951. Húsið var byggt úr steini og hitað upp með kolaeldavél. Síðar var það notað sem hænsnahús, en brann að lokum og var ekki endurbyggt.[47] Engar leifar fundust á vettvangi 2002 og ummerki eftir húsið hafa líklega horfið undir Brautarholtsveg.[48]

[42] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Jörfi, Kjalarneshreppur, Kjósarsýsla.
[43] Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Hof á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar*, bls. 37, 38.
[44] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 225.
[45] Sarpur.is: Velja: Borgarsögusafn og Fornleifar: Leitarorð: 125701-12.
[46] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 225.
[47] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 224.
[48] Sarpur.is: Velja: Borgarsögusafn og Fornleifar: Leitarorð: 125701-10.

# 3 Skráning menningarminja

## 3.1 Almennt um verndun fornleifa, löggjöf og tilgang skráningar

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[49]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

---
[49] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
**a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
**b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
**c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
**d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
**e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
**f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
**g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
**h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

**a.** stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsaþyrpingar og götumyndir,
**b.** kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
**c.** brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og

undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 3.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur rafrænar skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, annarsvegar fornleifaskrá og hinsvegar húsaskrá.

### 3.2.1 Fornleifaskrá Reykjavíkur

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2019) eru um 3600 minjastaðir skráðir. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegt gagnasafn.[50] Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845 og er jarðarnúmer fengið úr Jarðatali sem J. Johnsen tók saman 1847. Hver minjastaður fær þrískipt númer: Í fyrsta lagi *landsnúmer* sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi *jarðarnúmer* úr Jarðatali J. Johnsen og í þriðja lagi *númer fornleifar*, hlaupandi tölu innan jarðar. Á rannsóknarsvæðinu sem hér um ræðir eru minjar skráðar undir jörðina **Jörfa (125701-293-1)**. Hér eru einungis notaðar tvær síðastnefndu tölurnar (293-1).

### 3.2.2 Fornleifaskráning – aðferðafræði

Fornleifaskráning hefst á heimildakönnun. Byrjað er á að kanna fyrri rannsóknir og aðrar heimildir sem varða svæðið sem á að skrá. Rýnt er í örnefnaskrár, loftmyndir, kort og fleiri heimildir sem geta gefið vísbendingar um minjar, s.s. *Íslenskt fornbréfasafn*, sýslu- og sóknarlýsingar, jarðabækur, úttektir, fasteignabækur, landamerkjaskrár, örnefnalýsingar, byggðasögur, ferða-og ævisögur o.fl. Einnig er rætt við staðkunnuga ef möguleiki er á.

Vettvangsrannsókn er undirbúin samhliða heimildakönnun, minjastaðir merktir inn á kort og loftmyndir, gögn sem notuð eru á vettvangi. Á vettvangi er minja leitað markvisst og þegar þær finnast eru þær skráðar, mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu.

Fornleifaskráningin felur í sér lýsingu á eðli og formi minja og staðháttum. Reynt er að áætla hvaða hlutverk minjarnar hafa haft, yfirleitt út frá staðsetningu og lagt er mat á ástand þeirra og hvort þeim stafi hætta af einhverju. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á gildandi skipulagsuppdrætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar.[51]

Minjar eru flokkaðar eftir aldri, sjá töflu 1, og settar þannig fram á kortum. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki, þær eru friðaðar og umhverfis þær er 15 m

[50] *Sarpur.is*. Menningarsögulegur gagnagrunnur.
[51] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

friðhelgað svæði samkvæmt lögum.[52] Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur minja er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

**Tafla 1.** Minjaflokkar

| Flokkur | Tegund minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| **1** | Fornleifar 100 ára og eldri | ● Rauður |
| **2** | Minjar frá 1919-1930 | ● Gulur |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | ● Grænn |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |

[52] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

# 4 Fornleifaskrá

Í þessum kafla er greint frá fornleifum og yngri minjum á skráningarsvæði sem nær yfir hluta af Grundarhverfi á Kjalarnesi, sjá afmörkun á myndum 3 og 11. Minjar á úttektarsvæðinu eru skráðar undir jörðina Jörfa (125701-293) eins og jörðin var þegar Jarðatal J. Johnsen var tekið saman 1847. Fornleifaskráningin tekur til minja sem sjást á yfirborði og einnig þeirra sem eru horfnar en geta leynst undir sverði. Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **1992**.




*Mynd 11. Skráðar fornleifar og yngri minjar á og við skráningarsvæðið sem er afmarkað með gulri brotalínu.*

## Jörfi 293-1 Bæjarhóll Jörfa

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-1** | Jörfi | Bústaður | Bæjarhóll | ● 1552-1943 | 362262 | 418471 | 50 | 40 | Ómetið | Að hluta |



*Mynd 12. Bæjarhóll Jörfa (293-1), horft í suður.*



*Mynd 13. Bæjarhóll Jörfa (293-1), horft í vestur.*

**Staðhættir:** *Jörfi* var áður jörð á Kjalarnesi, byggð út úr landnámsjörðinni Hofi og taldist til Hofshverfis, en er nú aðeins afmörkuð lóð, Brautarholtsvegur 15, norðvestan við Grundarhverfi. Býlið fór í eyði **1928** og þá var land þess lagt undir Hof.[53] Núverandi íbúðarhús var reist árið **1942** af Hjálmari Þorsteinssyni sem þá tók sig upp frá Hofi og byggði upp á Jörfa. Hann segir í örnefnalýsingu frá 1967 að bærinn standi á Jörfaholti „… en sá gamli var miklu neðar í túninu.“[54] Jörðin afmarkaðist áður af veginum að norðanverðu, Klébergslæk að austan, Jörfalæk að vestan og sjó að sunnan.[55]

---

[53] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 222.
[54] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Jörfi. Númer 125701-293.
[55] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Jörfi. Númer 125701-293.




*Mynd 14. Hér hefur túnakort Jörfa frá 1916 verið lagt yfir nýlega loftmynd.*[56] *Með því er hægt að sjá líklega staðsetningu húsa á bæjarstæðinu.*

Gamli bæjarhóllinn er um 30 m austan við Jörfalæk, við vesturenda gatnanna Jörfagrundar og Helgugrundar, um 150 m suður af núverandi íbúðarhúsi á Jörfa. Við vettvangskönnun 2002 og 2018 var hægt að staðsetja gamla bæjarstæði Jörfa, á svæði sem ber ýmis umhverfismerki sem einkenna gömul bæjarstæði, en vegna túnasléttunar eru minjar ekki sjáanlegar lengur.[57]

Bæjarstæðið og túnið eru merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1909[58] og árið 1916 teiknaði Vigfús Guðmundsson frá Keldum túnakort fyrir Jörfa og dró þá einnig upp bæjar- og útihús í heimatúninu. Samkvæmt túnakortinu stóð gamli torfbærinn í miðju túni um 40 m austur af Jörfalæk. Hann lá í norðvestur–suðaustur og var stór kálgarður suðvestan við bæinn. Bærinn samanstóð af fimm húsum úr torfi og grjóti og voru þrjú þeirra með standþili.

[56] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.
[57] Anna Lísa Guðmundsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*, bls. 11.
[58] Dönsku herforingjaráðskortin: *„27 Reykjavík NA“*, 1909.

Á kortinu er líka greint frá hlutverki húsanna og þess getið að húsaskipan bæjarins sé óvanaleg (sjá mynd 6).[59] Árið 1918 var greint frá húsakosti bæjarins í fasteignabók: Baðstofa (með 3 litlum hliðargluggum), dyr, stofuhús, eldhús, skemmukofi, fjós lélegt, hestakofi, hlaða f. 150-180 (gölluð, en þó skásta húsið), tveir lélegir kindakofar f. um 60 kindur (notaðir þá frá Hofi). Heildarmat jarðarinnar var 4.280 kr.[60] Síðast hefur væntanlega verið búið í torfbænum 1928 þegar Ólafur Finnsson fluttist þaðan í Bergvík.[61]

Þegar túnakortið hefur verið strekkt yfir nýlega loftmynd má sjá hvar bæjarhúsin hafa að öllum líkindum staðið á bæjarhólnum, en gera má ráð fyrir enn eldri mannvirkjum þar undir (sjá mynd 14).

**Lýsing:** Bæjarhóllinn er ennþá vel greinilegur þótt bæjarstæðið hafi verið sléttað. Hóllinn er grasi- og njólavaxinn með mikilli sinu. Ummerki eftir bæjarhúsin eru ekki greinileg á yfirborði vegna sléttunar en eru undir sverði. Ummál bæjarhólsins var mælt upp í nóvember 2018 og er hann um 40 x 50 m. Í jaðri bæjarhólsins að vestan var þá tvöföld girðing, núverandi landamerki Hofs, en með girðingunni liggur slóði frá Helgugrund í norðri að Jörfa og Jörfagrund.[62]

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

**Minjagildi:** Mjög mikið.

[59] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.

[60] Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Fasteignamat 1916-1918- Undirmat; Kjósarsýsla. bls. 61. (65) 0031r.

[61] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 263.

[62] Vettvangsrannsókn 2018.

Jörfi 293-2 Fjós

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-2** | | Fjós | Heimild | ● 1552-1943 | 362261 | 418449 | 6,5 | 4 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Fjósið stóð stakt á bæjarhól Jörfa um 18 m suður af baðstofunni og er númer 6 á túnakortinu, en þar segir að fjósið hafi verið með „fordyri“ sem var suðvestan við bæinn og með standþili, og einnig að það hafi verið „óvenju þröngt og lélegt.“[63] Staðsetning var fengin með því að strekkja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd (sjá mynd 14).[64]
**Lýsing:** Ummerki um fjósið eru ekki greinanleg á yfirborði vegna sléttunar, en eru væntanlega undir sverði á bæjarhólnum, sem er njóla– og grasivaxinn og á kafi í sinu.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

## Jörfi 293-3 Heystæði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-3** | | Heystæði | Heimild | ● 1552-1943 | 362266 | 418455 | 14 | 8 | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Á bæjarstæði Jörfa voru tvö heystæði þegar túnakort var gert árið 1916, merkt númer 7. Annað var norðaustan við fjósið og hitt suðaustan við kálgarðinn sem var fyrir framan bæinn. Staðsetning var fengin með því að strekkja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd (sjá mynd 14).[65]
**Lýsing:** Ummerki eftir heystæðin eru ekki greinanleg á yfirborði vegna sléttunar, en eru væntanlega undir sverði á bæjarhólnum sem er njóla– og grasivaxinn og á kafi í sinu.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

---
[63] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.
[64] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).
[65] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

## Jörfi 293-4 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-4** | | Fjárhús, heytóft | Heimild | ● 1850- 1945 | 362290 | 418559 | 15 | 10,5 | Ómetið | Að hluta |



*Mynd 15. Minjasvæði (293-4) þar sem fjárhús og heystæði stóðu áður, horft í austur að Jörfagrund 27 og 10.*

**Staðhættir:** Samkvæmt túnakorti Jörfa frá 1916 voru tvö fjárhús í túninu norðan við bæinn og merkt með númerinu 9. Annað fjárhúsið (293-4) var um 70 m norðnorðaustur frá gamla bænum, með heytóft norðan við, en hitt var stakt (293-5), um 110 m norðan við bæinn. Fram kemur í Fasteignabók frá 1918 að tveir lélegir kindakofar séu þá notaðir frá Hofi og er þá sennilega átt við þessi fjárhús.[66] Hér er það fyrrnefnda til umfjöllunar.
Fjárhúsið var vestur af lóð Jörfagrundar 27 og greina má húsið á AMS loftmynd frá árinu 1945 á þessum stað.[67] Staðsetning var áætluð út frá gróðurfari, loftmyndinni frá 1945 og túnakortinu frá 1916 (sjá kort á mynd 7).
**Lýsing:** Ummerki eftir fjárhúsið og heystæðið eru ekki greinanleg á yfirborði vegna túnasléttunar, en gætu leynst undir sverði. Minjasvæðið gæti líka hafa raskast við framkvæmdir við Jörfagrund. Svæðið er grasivaxið og þar er talsvert af sinu og njóla.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[66] Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Fasteignamat 1916-1918- Undirmat; Kjósarsýsla. bls. (65) 0031r.
[67] Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.

## Jörfi 293-5 Fjárhús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-5** | | Fjárhús | Heimild | ● 1850-1945 | 362252 | 418601 | 8 | 5 | Ómetið | Að hluta |



*Mynd 16. Minjastaður (293-5) þar sem fjárhúsið stóð líklega áður, horft í norður.*

**Staðsetning:** Samkvæmt túnakorti Jörfa frá 1916 voru tvö fjárhús í túninu norðan við bæinn og merkt með númerinu 9. Annað fjárhúsið (293-4) var um 70 m norðnorðaustur frá bænum með heytóft norðan við, en hitt var stakt (293-5) um 110 m norðan við bæinn. Fram kemur í Fasteignabók frá 1918 að tveir lélegir kindakofar séu þá notaðir frá Hofi og er þá væntanlega átt við þessi sömu fjárhús.[68] Hér er það síðarnefnda til umfjöllunar.
Fjárhúsið var sennilega um 50 m suðvestur af Jörfa og um 10 m vestan við snúningsplan/bílastæði við Jörfagrund, rétt vestan við girðinguna þar sem eru núverandi landamerki Hofs og greina má húsið á AMS loftmynd frá árinu 1945 á þessum stað.[69] Staðsetning var áætluð út frá gróðurfari, loftmyndinni frá 1945 og túnakortinu frá 1916 (sjá kort á mynd 7).
**Lýsing:** Ummerki eftir fjárhúsið eru ekki greinanleg á yfirborði vegna túnasléttunar en gætu leynst undir sverði. Svæðið er grasivaxið og þar er einnig talsvert af sinu.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[68] Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Fasteignamat 1916-1918- Undirmat; Kjósarsýsla. bls. (65) 0031r.
[69] Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.

## Jörfi 293-6 Kálgarðar

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-6** | | Kálgarðar | Heimild | ● 1552-1945 | 362241<br>362260 | 418476<br>418438 | 33<br>10 | 11<br>9 | Ómetið | Að hluta |



*Mynd 17. Minjastaður (293-6) á bæjarhólnum þar sem kálgarðurinn var fyrir framan bæinn, horft í suðvestur.*

**Staðhættir:** Tveir kálgarðar voru á bæjarstæði Jörfa samkvæmt túnakorti frá árinu 1916, skráðir undir sama númer. Annar var suðvestan við bæinn, ílangur og var um 33 x 11 m eða 363 $m^2$ og torfhlaðnir veggir í suður og vestur. Hinn var sunnan við fjósið og var minni og óreglulegri í laginu, um 90 $m^2$, afmarkaður með torfvegg. Staðsetning var fengin með því að strekkja túnakortið yfir hnitsetta loftmynd.[70] Kálgarðarnir voru um 20 og 40 m fyrir vestan og norðvestan Helgugrund 10 (sjá mynd 7 og 14).
**Lýsing:** Ummerki eftir kálgarðana eru ekki greinanleg á yfirborði vegna túnasléttunar en eru væntanlega undir sverði á grasivöxnum bæjarhólnum.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[70] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.

## Jörfi 293-7 Naust

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-7** | | Naust | Heimild | ● 1552-1909 | 362267 | 418259 | | | Ómetið | Að hluta |

**Staðhættir:** Í örnefnalýsingu frá árinu 1967 segir Hjálmar Þorsteinsson um naust: „Í fjörunni eru gömul naust niður undan Jörfa á tanganum.“ Hér er hann væntanlega að tala um naust á Hofstanga en þar eru tóftir skráðar undir Hof (292-16). Síðan segir hann: „Austur af túni [Jörfa] var mýri, sem nær niður að sjó austan við tún og heitir **Naustamýri**.“[71] Örnefnið bendir til þess að þar hafi verið naust. Á herforingjaráðskort frá árinu 1909 eru teiknuð inn hús á báðum þessum stöðum og eru það líklega naustin sem lýst er hér að framan.[72] Staðsetning var áætluð útfrá herforingja-ráðskortinu og er þá rétt austan við þar sem Jörfalækur rennur nú til sjávar, eða um 50 metrum suður af Búagrund 17.




*Mynd 18. Hluti af herforingjaráðskorti 1909 sem sýnir bæjarstæði Jörfa og naust niður af Jörfa og á Hofstanga.*[73]



*Mynd 19. Fjaran niður af Jörfa þar sem talið er að naustið (293-7) hafi verið, horft í norðvestur að Hofi.*

[71] Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Jörfi. Númer 125701-293.
[72] Dönsku herforingjaráðskortin: „*27 Reykjavík NA*“, 1909.
[73] Dönsku herforingjaráðskortin: „*27 Reykjavík NA*“, 1909.

**Lýsing:** Ekki eru greinanlegar leifar eða ummerki eftir mannvirki, naust, við fjöruna frekar en við vettvangskönnun 2002. Landbrot hefur verið mikið á svæðinu síðustu ár og það gæti skýrt hvarf naustsins eða naustanna, ef þau leynast ekki undir sverði.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

## Jörfi 293-8 Brunnhús/Vatnsmylla?

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-8** | | Brunnhús, Vatnsmylla | Tóft | ● 1850 | 362223 | 418509 | 5 | 4,5 | Slæmt | Nei |



*Mynd 20. Rúst (1992-8) á austurbakka Jörfalækjar, horft í suður.*




*Mynd 21. Rúst (293-8), teiknað eftir uppmælingu.*

**Staðhættir:** Á eystri bakka Jörfalækjar, um 150 m suðvestur af íbúðarhúsinu Jörfa og um 30 m norðvestur af gamla bæjarstæði Jörfa, eru leifar af mannvirki. Sennilega það sama og teiknað var á túnakort Jörfa 1916.[74] Af staðsetningu að dæma gæti þetta hafa verið brunnhús eða vatnsmylla, sem lækurinn hefur verið leiddur í.
**Lýsing:** Grasigrónar leifar af mannvirki úr torfi og grjóti á eystri bakka Jörfalækjar, í halla niður að læknum, op virðist vera við lækinn.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[74] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.

# Jörfi 293-9 Traðir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-9** | | Götur, heimreið | Heimild | ● 1552-1943 | 362269 | 418410 | 115 | 3 | Ómetið | Já |




*Mynd 22. Túnakort Jörfa frá 1916 lagt yfir nýlega loftmynd.[75]Gata (293-9) lá frá bænum til suðausturs í átt að sjó.*



*Mynd 23. Minjastaður (293-9), horft í suðaustur frá bæjarhólnum þaðan sem talið er að gatan hafi legið frá bænum í átt að Jörfavík.*

**Staðhættir:** Samkvæmt túnakorti Jörfa lá gata frá bænum í átt til sjávar. Þegar kortið hefur verið strekkt yfir hnitsetta loftmynd má sjá mögulega staðsetningu. Gatan hefur legið frá hlaðinu fyrir framan fjósið meðfram kartöflugarðinum til suðurs þar sem hún sveigði til suðausturs þar sem nú er lóð Helgugrundar 7 og Búagrundar 14 og endar þar sem nú er Búagrund 12.[76]

**Lýsing**: Engin ummerki eru eftir götuna á yfirborði vegna túnasléttunar og framkvæmda, en þau er væntanlega að finna undir sverði á grasivöxnum bæjarhólnum.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[75] Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.

[76] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR).

## Jörfi 293-10 Holt

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-10** | Holt | Bústaður, hænsnahús | Heimild | 1945 | 362469 | 418667 | | | Ómetið | Já |




*Mynd 24. Kortið sýnir áætlaða staðsetningu íbúðarhússins Holts (293-10).*



*Húsið Holt stóð þar sem nú er vegur frá þjóðvegi út að Brautarholti. Ljósm.. Friðþjófur Helgason.*

*Mynd 25. Ljósmynd eftir Friðþjóf Helgason, hér tekin eftir bókinni Kjalnesingum.*[77]

**Staðhættir:** Holt var byggt í landi Jörfa árið 1945. Húsið stóð, samkvæmt ljósmynd í bókinni Kjalnesingum, um 170 m norðaustur af íbúðarhúsinu á Jörfa þar sem nú er Brautarholtsvegur. Holt var steinhús, byggt af Huldu Hjálmarsdóttur og Finni Ólafssyni. Flutt var úr húsinu 1955 og var það síðar notað sem hænsnahús en brann að lokum og var ekki endurbyggt.[78]

**Lýsing:** Ekki fundust neinar leifar af rústum þar sem Holt á að hafa staðið, en samkvæmt Gunnari Guðbjartssyni frá Lyngási á það að hafa staðið alveg upp við Brautarholtsveginn og gæti það hafa farið undir þær framkvæmdir (Vettvangsrannsókn 21.08.2002).

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[77] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 224.

[78] Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*, bls. 224.

## Jörfi 293-11 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-11** | | Útihús | Tóft | ● 1943 | 362256 | 418644 | 12 | 6,5 | Slæmt | Að hluta |






*Mynd 27. Rúst (293-11), teiknuð eftir uppmælingu.*

*Mynd 26. Rúst (293-11) vestan við Jörfa, horft í norðvestur.*

**Staðhættir:** Í vettvangsferð 2002 fannst ferköntuð rúst um 30 m vestur af núverandi íbúðarhúsi á Jörfa, 10 m austur af Jörfalæk og um 150 m beint norður af gamla bæjarstæðinu, innan afgirts garðs Jörfa. Ummerkin eru sennilega eftir timburskúr sem Hjálmar Þorsteinsson hefur byggt eftir 1943 þegar hann byggði upp á Jörfa.[79] Sést á loftmynd frá 1945.[80]
**Lýsing:** Jarðlæg rúst, um 12 x 6,5 m, grasigróin og hefur verið sléttuð. Enn er hægt að greina að hæðarmunur er um 10 cm.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[79] Eggert Ólafsson, samtal 23. nóvember 2018.
[80] Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.

## Jörfi 293-18 Vegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-18** | | Vegur | Slóði | ● 1909 | 362410 | 418658 | 110 | 2 | Slæmt | Að hluta |




*Mynd 28. Vegur, slóði, (293-18) sunnan við núverandi Brautarholtsveg. Teiknaður eftir uppmælingu (svartar línur með rauðu) og loftmynd frá 1945 (rauðar brotalínur).*[81]

**Staðhættir:** Vegur, slóði, um 10 til 25 m sunnan og samsíða við núverandi Brautarholtsveg á um 110 m kafla og um 60 m norðaustur af Jörfa. Vegurinn er hluti af elsta veginum, sem merktur er inn á Herforingjaráðskort frá 1909 og sést á loftmynd frá árinu 1945.[82]

**Lýsing:** Vegurinn er greinilegur á 110 m kafla frá nýlegri mön austan við Jörfa til austurs, þar til hann kemur saman við nýlegan slóða sem liggur frá Brautarholtsvegi að athafnasvæði á Norðurgrund 1.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[81] Dönsku herforingjaráðskortin: „*27 Reykjavík NA*", 1909. Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.

[82] Dönsku herforingjaráðskortin: „*27 Reykjavík NA*", 1909. Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.



*Mynd 29. Vegur, slóði, (293-18) sunnan með Brautarholtsvegi. Horft frá Jörfa í austur að áhaldahúsi á Norðurgrund 1.*

## Jörfi 293-19 Þúst

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-19** | | Óþekkt | Þúst | ● 1850-1900 | 362213 | 418586 | 4 | 4 | Slæmt | Nei |



*Mynd 30. Rústaleg þúst (293-12) á eystri bakka Jörfalækjar, horft í norðvestur.*

**Staðhættir:** Á austurbakka Jörfalækjar, um 2,5 m upp af læknum og um 100 m suðvestur af íbúðarhúsinu á Jörfa, er rústaleg þúst. Engar heimildir eru um mannvirki á staðnum. Er ekki merkt á túnakort.
**Lýsing:** Sinu– og grasivaxin rústaleg þúst, hugsanlega leifar af gömlu mannvirki.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

## Jörfi 293-20 Tóft, garðlag

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-20** | | Óþekkt | Tóft | ● 1850-1900 | 362210 | 418380 | 7,6 | 6 | Slæmt | Nei |



*Mynd 31. Tóft (293-20) austan við Jörfalæk, horft í vestur að bæjarhól Grafartúns vestan við læk.*




*Mynd 32. Teikning af tóft 293-20 eftir uppmælingu.*

**Staðhættir:** Á bakka ofan við eldri farveg Jörfalækjar, um 23 m austan við núverandi farveg og um 55 m vestur af Búagrund 14.
**Lýsing:** Sinu– og grasigróin rúst. Rústin er tvö hólf, um 7,6 x 6 m að stærð, hæð veggja um 30 cm, opin í austur.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

## Jörfi 293-22 Tún

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-22** | | Tún | Heimild | ● 1850 | 362231 | 418466 | 326 | 197 | Ómetið | Á ekki við |

**Staðhættir:** Þegar túnakort Jörfa var gert 1916 taldist túnið 3 hektarar og kálgarðar 300 m². Þá var mestur hluti túnsins sléttaður, hitt greiðfært og slétt af náttúrunnar hendi. Umhverfis túnið voru móar, melar og mýrarblettir. Jaðrar túnsins voru ógirtir nema að norðanverðu þar sem var garður úr grjóti, torfi eða hvorutveggja samkvæmt kortinu.[83]
Túngarðurinn var þar sem nú eru suðurlóðamörk Jörfa og vesturendi á Jörfagrund en engin ummerki greinanleg eftir hann á yfirborði.
Fornleifanúmer var hnitsett í miðju túninu fyrir framan bæinn.
**Lýsing:** Svæðið sem túnið náði yfir er grasivaxið með sinu.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.




*Mynd 33. Hluti af túnakorti Jörfa frá 1916 á nýlegri loftmynd.*[84]

---

[83] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*.
[84] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.

## Jörfi 293-23 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-23** | | Túngarður | Heimild | ● 1850-1950 | 362226 | 418628 | 104 | 0,5 | Ómetið | Að hluta |




*Mynd 34. Túngarður (293-23) Jörfa 1916. Túnakort lagt yfir nýlega loftmynd.*[85]



*Mynd 35. Hér lá túngarður (293-23) á norðurjaðri túnsins á Jörfa 1916.*

**Staðhættir:** Túngarður úr grjóti, torfi eða hvorutveggja var á jaðri túnsins á Jörfa að norðanverðu þegar túnakort var gert árið 1916, en önnur mörk túnsins voru ógirt samkvæmt kortinu. Garðurinn lá fyrir norðan fjárhús (293-5) sem stóð nyrst í túninu. Túngarðurinn var þar sem nú eru lóðamörk Jörfa að sunnan. Garðurinn lá í norðvestur–suðaustur og var í heildina um 104 m að lengd. Vestast tók hann vinkilbeygju og lá til suðvesturs á 15 m kafla. Fornleifanúmer var hnitsett við horn garðsins.
**Lýsing:** Engin ummerki eru eftir túngarðinn en þar sem hann lá er nú grunnur skurður og girðing. Ummerki gætu komið í ljós við jarðrask.
**Hættumat:** Mikil hætta.
**Hættuorsök:** Framkvæmdir.

[85] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR): *Lágflugsloftmynd 17/7 2018*.

## Niðurstöður

Á skráningarsvæðinu eru skráðir 16 minjastaðir undir jörðina Jörfa. Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá heimildum. Fjórtán minjastaðir eru aldursfriðaðar fornleifar og tveir flokkast til yngri minja.

| *Flokkur* | *Tegund minja* | *Litur flokks* | *Fjöldi* |
|---|---|---|---|
| **1** | Fornleifar 100 ára og eldri | ● Rauður | 14 |
| **2** | Minjar frá 1918-1930 | ● Gulur | |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | ● Grænn | 2 |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár | |
| | | Samtals | 16 |

Fornleifarnar eru flestar búsetuminjar, tólf talsins, þar á meðal einn bústaður, bæjarhóll Jörfa (293-1). Hinar eru útihús (293-2, 4, 5), kálgarðar (293-6), heytóftir (293-3), brunnhús eða vatnsmylla (293-8), rústaleg þúst (293-19), rúst (293-20), heimatúnið (293-22) og túngarður (293-23). Sjávarútvegsminjar eru einar, heimild um naust (293-7). Samgönguminjar eru tvennar, gata (293-9), heimreið að Jörfa en hluti hennar hefur horfið við framkvæmdir og vegur (293-18) sem er sjáanlegur að hluta, forveri núverandi Brautarholtsvegar og liggur samsíða honum. Til yngri minja telst einn bústaður Holt (293-10) sem nú er hofin og útihúsatóft (293-11).

Bæjarhólar eru taldir meðal mikilvægustu minjastaða og hafa margþætt rannsóknar- og heimildagildi. Þeir hafa myndast úr upphlöðnum byggingarefnum, gólf og sorplögum þar sem bæir hafa staðið um lengri eða skemmri tíma, jafnvel í aldaraðir.[86] Á bæjarstæðum þar sem heimildir geta langrar búsetu má því gera ráð fyrir að mannvistarleifar hafi hlaðist upp þó þær séu ekki mjög greinilegar í landslaginu.

Bæjarhólar eru sérstök fyrirbæri í fornleifafræði Norður–Atlantshafsins og finnast aðallega í Noregi fyrir norðan heimskautsbaug, á Íslandi, í Færeyjum, á Grænlandi og á Suðureyjum Skotlands.[87] Norskir fornleifafræðingar hafa talið þá merki um breytingar á samfélagi og efnahag, en íslenskir fornleifafræðingar hafa lengst af talið þá tilkomna vegna breytinga á byggingartækni.[88]

Á Íslandi byrjuðu bæjarhólar að myndast fyrst á seinni hluta 10. aldar og telur Orri Vésteinsson að tilkomu þeirra megi rekja til breytinga á heimilishaldi og hugmyndafræði sem leitt hafi til breytinga í viðhaldi á byggingum, að hætt hafi verið að stinga út úr híbýlum sem hafi leitt til uppbyggingar bæjarhóla.[89]

Varðveisla bæjarhóla er misjöfn og víða hafa þeir horfið órannsakaðir vegna framkvæmda og yngri bygginga. Aðeins einn bæjarhóll hefur verið fullgrafinn hér á landi, Stóraborg undir Eyjafjöllum.[90]

Bæjarhóll, eða bæjarstæði, Jörfa hefur því mjög hátt minjagildi sem slíkur, menningarsögulegt, rannsóknar- og heimildagildi. Gera má ráð fyrir að búskapur hafi hafist þar mun fyrr en elsta heimild, frá 1552, gefur vísbendingu um, eða frá 10. öld eins og hefur komið fram í

---

[86] *Skráningarstaðlar fornleifa*, bls. 11.
[87] Orri Vésteinsson: „On Farm-mounds." bls. 13.
[88] Orri Vésteinsson: „On Farm-mounds." bls. 14.
[89] Orri Vésteinsson: „On Farm-mounds." bls. 37.
[90] Birna Lárusdóttir: *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*, bls. 28.

rannsóknum í nágrenninu. Þegar túnakort var gert 1916 voru sjö hús á bæjarstæðinu, tvö heystæði og tveir kálgarðar. Þá voru tvö fjárhús í túninu og við annað var heytóft og einnig lítið hús úr torfi og grjóti. Bæjarhúsin voru jöfnuð út, sennilega eftir árið 1942 og því eru minjar ekki lengur sjáanlegar á yfirborði en eru greinilega undir sverði á bæjarstæðinu. *Auk þess má vænta óþekktra eldri minja hvar sem er í heimatúninu*. Þar sem hugmyndir eru um að stækka Grundarhverfi til vesturs stafar bæjarhól Jörfa og öðrum minjum veruleg ógn af framkvæmdum.




*Mynd 36. Kortið sýnir skráðar fornleifar á Jörfa en þær sem eru 100 ára og eldri hafa 15 m friðhelgað svæði (gular línur) samkvæmt lögum, nema heimreiðin (293-9) sem er horfin vegna framkvæmda.*

Upplýsingar sem koma fram á túnakorti og í fasteignabók varðandi húsakost gefa ákveðnar vísbendingar um hvers er að vænta undir sverði á bæjarhólnum og í nágrenni hans. Skammt vestan við Jörfalæk er svo annar bæjarhóll, kotið Grófartún (293-13), á landsvæði

sem áður tilheyrði Jörfa. Þar hafa líklega fundist minjar frá 10. öld en Grófartún og Jörfi voru hvorutveggja hjáleigur frá Hofi og hafa hugsanlega byggst upp á sama tíma og Hof.[91]

Mælt er með því að kanna staðsetningu og umfang fornleifa á svæðinu með frekari rannsóknum, eins og jarðsjármælingum og könnunarskurðum.

Til að auka gildi minjasvæðisins væri æskilegt að sett yrði upp fræðsluskilti við bæjarhólinn til kynningar og fræðslu fyrir almenning um elstu byggð á svæðinu.

Fornleifaskráningin tekur bæði til þeirra minja sem sjást á yfirborði og þeirra sem eru horfnar af yfirborði en geta verið undir sverði. Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu.

Áður en til framkvæmda kemur þarf að leita til Minjastofnunar Íslands um meðhöndlun fornleifa á skráningarsvæðinu, en hverskonar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis stofnunarinnar.

## 4.1 Jörfi (293) Minjastaðir á skráningarsvæðinu

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd M | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **293-1** | Jörfi | Bústaður | Bæjarhóll | ● 1552-1943 | 362262 | 418471 | 50 | 40 | Ómetið | Að hluta |
| **293-2** | | Fjós | Heimild | ● 1552-1943 | 362261 | 418449 | 6,5 | 4 | Ómetið | Að hluta |
| **293-3** | | Heystæði | Heimild | ● 1552-1943 | 362266 | 418455 | 14 | 8 | Ómetið | Að hluta |
| **293-4** | | Fjárhús, heytóft | Heimild | ● 1850- 1945 | 362290 | 418559 | 15 | 10,5 | Ómetið | Að hluta |
| **293-5** | | Fjárhús | Heimild | ● 1850-1945 | 362252 | 418601 | 8 | 5 | Ómetið | Að hluta |
| **293-6** | | Kálgarðar | Heimild | ● 1552-1945 | 362241<br>362260 | 418476<br>418438 | 33<br>10 | 11<br>9 | Ómetið | Að hluta |
| **293-7** | | Naust | Heimild | ● 1552-1909 | 362267 | 418259 | | | Ómetið | Að hluta |
| **293-8** | | Brunnhús, Vatnsmylla | Tóft | ● 1850 | 362223 | 418509 | 5 | 4,5 | Slæmt | Nei |
| **293-9** | | Götur, heimreið | Heimild | ● 1552-1943 | 362269 | 418410 | 115 | 3 | Ómetið | Já |
| **293-10** | Holt | Bústaður, hænsnahús | Heimild | 1945 | 362469 | 418667 | | | Ómetið | Já |
| **293-11** | | Útihús | Tóft | ● 1943 | 362256 | 418644 | 12 | 6,5 | Slæmt | Að hluta |
| **293-18** | | Vegur | Slóði | ● 1909 | 362410 | 418658 | 110 | 2 | Slæmt | Að hluta |
| **293-19** | | Óþekkt | Þúst | ● 1850-1900 | 362213 | 418586 | 4 | 4 | Slæmt | Nei |
| **293-20** | | Óþekkt | Tóft | ● 1850-1900 | 362210 | 418380 | 7,6 | 6 | Slæmt | Nei |
| **293-22** | | Tún | Heimild | ● 1850 | 362231 | 418466 | 326 | 197 | Ómetið | Á ekki við |
| **293-23** | | Túngarður | Heimild | ● 1850-1950 | 362226 | 418628 | 104 | 0,5 | Ómetið | Að hluta |

[91] Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Hof á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar*, bls. 37, 38.

# Heimildaskrá

## Óprentaðar/Óútgefnar heimildir/Skjöl

Eggert Ólafsson. Samtal 23. nóvember 2018.

Grundarhverfi, deiliskipulag. Samþykkt 26. febrúar 1998. Sótt 7. nóvember 2019 af http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=27635132074989372081

Landmælingar Íslands: Loftmynd. AMS 3123411-23.09. 1945.

## Prentaðar/Útgefnar heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi*. Skýrsla nr. 101. Reykjavík, 2003.

Birna Lárusdóttir: *Mannvist: Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík, 2011.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir: *Hof á Kjalarnesi: Deiliskráning vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar*. Skýrsla: FS740-19071. Reykjavík, 2019.

*Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*. Ritröð: Diplomatarium Islandicum. XII. bindi. Kaupmannahöfn, 1923-1932.

*Íslenzk fornrit*, I. bindi. „Landnámabók“. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Reykjavík, 1959.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*: 3. bindi. Kaupmannahöfn, 1923-1924.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

*Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn, 1861.

Orri Vésteinsson: „On Farm-mounds.“ Í *Archaeologia Islandica*. Ritstjóri Gavin Lucas. Reykjavík, 2010, bls. 13-39.

Þorsteinn Jónsson: *Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*. Reykjavík, 1998.

## Rafrænar heimildir/Vefsíður/Gagnagrunnar

*Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, B-hluti*. Kjalarnes Borgarhluti 10. Sótt 4.10.2019 af https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/10_kjalarnes.pdf

Dönsku herforingjaráðskortin: *„27 Reykjavík NA.“* Kaupmannahöfn, 1909. Sótt 4.10.2019 af http://islandskort.is/is/map/show/666

Finnur Jónsson: „Bæjanöfn á Íslandi“. Í *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju*. Kaupmannahöfn og Reykjavík. 1907-1915, bls. 412-584. Sótt 19.09.2019 af https://baekur.is/bok/000339579/4/502/

Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn. *Gullbringu- og Kjósarsýsla; Veðmálabók I. (1887)*. Landamerkjabréf nr. 80. Sótt 19.09.2019 af https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Gullbringu-%20og%20Kj%C3%B3sars%C3%BDsla;%20Ve%C3%B0m%C3%A1lab%C3%B3k%20I.%201887/

*Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940*. I. bindi. (1948). Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík. Birt á kostnað Hins íslenzka bókmenntafélags. Sótt 14.09.2019 af https://baekur.is/bok/000306940/1/314/Islenzkar_aeviskrar_fra_Bindi_1_Bls_314/

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Jarðamat 1849-50. Gullbringu og Kjósarsýslur, nr. 27, bls. (18) 0006v. Sótt 30.09. 2019 af https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jar%C3%B0amat;%20Gullbringu-og%20Kj%C3%B3sas%C3%BDslur/ og bls. (70) 0035v. Sótt af https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Jarðamat;%20Gullbringu-og%20Kjósasýslur/?page=0

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands: Fasteigna- og jarðamat. Fasteignamat 1916-1918- Undirmat; Kjósarsýsla, bls. 61 (65) 0031r. Sótt 30.09.2019 af https://icdb.landsbokasafn.is/document/ICDB/Fasteignamat%201916%20-%201918%20-%20Undirmat;%20Kj%C3%B3sas%C3%BDsla/?page=64

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/

*Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*: Sótt 30.09.2019 af http://manntal.is/

*Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn*. Vefslóð: http://sarpur.is/

*Skráningarstaðlar fornleifa*. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt 30.09.2019 af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

*Úrskurður óbyggðanefndar, mál nr. 3-4/2004. Kjalarnes og Kjós*. (2006). Sótt 19. september af https://obyggdanefnd.is/wp-content/uploads/04_2004-3-4_urskurdur.pdf

Vefur Minjastofnunar Íslands. Fornminjar. *Skráning fornleifa*. Sótt 30.09.2019 af http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/

Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. *Jörfi 1916*. Sótt 10. sept. 2019 af http://manntal.is/myndir/Tunakort/Kjosarsysla/Kjalarneshreppur/Vefmyndir/Kjalarneshr_011.jpg

Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Jörfi. Númer 125701-293. Sótt 19. sept. 2019 af http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=586482

Örnefnasafn Árnastofnunar: Örnefnalýsing, Hof. Númer 125689-1. Sótt 4.10.2019 af http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=583966

**Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur**

160 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsmýri, Seljamýri, Öskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
162 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
163 Dífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
167 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
169 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
170 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.
173 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir: *Kirkjusandur. Borgartún 41 og Kirkjusandur 2. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2016.
174 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Kirkjugarður í landi Lambhaga við Úlfarsfell. Fornleifaskráning*. Rvk. 2016.
175 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Kennaraháskólareitur*. Rvk. 2016
176 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Húsakönnun. Keilugrandi, Boðagrandi, Fjörugrandi*. Rvk. 2016.
177 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Grundarstígsreitur*. Rvk. 2016.
178 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hafnarstræti frá Pósthússtræti að Tryggvagötu. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
179 Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016*. Rvk. 2017.
180 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Hof 1. Landnúmer 125848. Fornleifaskráning*. Rvk. 2017.
181 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Borgartún 34-36*. Rvk. 2017.
182 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Elliðaárdalur. Svæðið norðan Stekkjarbakka. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
183 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 7 – Árbær*. Rvk. 2017.
184 María Gísladóttir: *Húsakönnun. Heklureitur. Bolholt, Brautarholt, Laugavegur, Nóatún, Skipholt*. Rvk. 2017.
185 Anna María Bogadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skeifan. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2017.
186 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Rvk. 2017.
187 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Úlfarsárdals*. Rvk. 2017.
188 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Rvk. 2018.
189 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Vesturlandsvegar frá Leirvogsá að Hvalfirði*. Rvk. 2018.
190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar, fornleifarannsókn, áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnarsvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
197 Sólrún Inga Traustadóttir, Arthur Knut Farestveit, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir, Gunnar Grímsson, Sigrún Hannesdóttir, Valur Magnússon: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir:. *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir:.*Nauthólsvík og Nauthólsvíkur vegur, fornleifaskráning og húsakönnun*. Rvk. 2019.